

GALABALL

Eitt af markmiðum forvarnastarfsins er að fjölga þeim atburðum í félagslífi nemenda þar sem áhersla er á heilbrigt lífverni og gleðinni yfir því að vera saman. Fljótlega fór ég að velta fyrir mér ýmsum hugmyndum varðandi nýjungar í þeim efnum og einnig fannst mér mikilvægt að okkur tækist að finna atburði sem gætu, ef vel tækist til, verið upphaf að ákveðinni hefð innan skólans.

Í lok árs 1998 lagði ég þá hugmynd fyrir skólameistara að haldið yrði glæsilegt ball fyrir útskriftarefni þar sem menn kæmu í sínu fínasta þússi, fengju danskennslu áður og síðan yrði dansað eftir danskortum við undirleik lifandi tónlistar. Skólameistari tók þessu ákaflega vel og bætti um betur, því hann kom með þá tillögu að kvöldið myndi hefjast á veislumat.

Fyrstu árin fóru dansleikirnir fram á kennarastofunni og svona eftirá er gaman að hugsa til viðbragða kolleganna þegar ég lét færa alla sófana út af kennarastofunni, útbúa notalega setustofu frammi á palli og gera allt klárt fyrir ballið. Ég held að allmargir hafi hugsað sem svo að nú væri forvarnafulltrúinn endanlega orðinn galinn! En sem betur fer voru þeir fleiri sem trúðu á verkefnið og voru tilbúnir að taka þátt.

Fyrstu árin voru þessir dansleikir 2svar á ári, einu sinni fyrir hvern útskriftarhóp. En eftir að við fengum Urðarbrunn opnaðist sá möguleiki að halda enn stærri og veglegri dansleik en hafa hann einu sinni á ári, að hausti, fyrir báða útskriftarhópa skólaársins.

Nemendum og kennurum hefur alltaf gefist kostur á danskennslu. Ég hef fengið mjög færan danskennara, Óla Geir, til að koma og vera með danskennslu og hefur hann alltaf séð um hana nema 2svar þegar Páll Ólafsson ásamt mér þurftum að hlaupa í skarðið. Nemendur hafa mætt vel á þessar dansæfingar, en starfsmenn síður, þó svo það endurspeglir ekki endilega færni þeirra.

Galaballið er orðinn fastur liður í skólastarfinu og hefð hefur skapast um þennan viðburð. Nemendur eru fullir tilhlökkunar að fá loksins tækifæri til að taka þátt og fæ ég yfirleitt fyrirspurnir um dagsetningu strax í fyrstu kennsluvikunum. Og nemendur eru sammála um að þeir hafi aldrei dansað meira, aldrei skemmt sér betur og aldrei verið þreyttari en eftir þessi kvöld. En það sem er svo skemmtilegt: þeir eru aldrei með höfuðverk daginn eftir!

Elísabet Siemsen, forvarnafulltrúi